

Miðvikudaginn 7. júní 1995.

Nr. 82/1995.

Engey hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Barðstrendingi hf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1995.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af Sonju Maríu Hreiðarsdóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Vestfjarða. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Vestfjarða og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
